

Norðurlandaráð
Ved Stranden 18
DK-1061 København K

Dagsetning 29. maí 2020
Málsnr. 2020-228

Frederiksholms Kanal 27 F
1220 København K

Sími 41 71 27 00

Svar við skriflegri fyrirspurn (E 6/2020) um framtíðarskiptingu Norðurlanda í tímabelti

Formennskuáætlun Danmerkur, Grænlands og Færeyja í Norrænu ráðherranefndinni sendir hér með svör norrænu landanna við E 6/2020: Skriflegri fyrirspurn um framtíðarskiptingu Norðurlanda í tímabelti. Spurningunni var beint til ríkisstjórnna Danmerkur, Noregs, Finnlands, Svíþjóðar og Álandseyja.

Hér á eftir fara svör hvers lands fyrir sig við spurningunum fjórum frá Norðurlandaráði:

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin, sem vinnur með samstarf norrænu þjóðþinganna með tilliti til vinnumarkaðsmála, atvinnumála, efnahagsmála, byggðamála og stjórnsýsluhindrana, hefur fylgst með því starfi sem stendur yfir innan ESB varðandi niðurfellingu sumartíma og skiptingu Evrópu í ný tímabelti og að löndin geti sjálf ákveðið hvaða tímabelti þau vilji tilheyra. Það hefur valdið nefndinni áhyggjum að sjá að norrænu löndin virðast stefna í ólíkar áttir í þessu máli.

Því óskar nefndin svara við eftirfarandi spurningum:

- Hefur ríkisstjórnin haft samráð við granna sína á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum til þess að hægt sé að taka vel ígrundaða afstöðu um það hvaða tímabelti landið vill tilheyra?**

Svíþjóð:

Ríkisstjórnin (innviðaráðuneytið) er þátttakandi í vinnuhóp sem Finnland átti frumkvæði að um að stuðla að samræmdri stefnu hvað vali á tímabelti viðvíkur.



Álandseyjar:

Landsstjórn Álandseyja hefur verið í sambandi við fulltrúa samskiptaráðuneytisins í Helsingfors og innviðaráðuneytisins í Stokkhólmi ásamt því að sitja norrænan-baltneskan samráðsfund í gegnum Skype um afnám klukkubreytinga. Landsstjórnin hefur einnig verið í sambandi við Norðurlandaráð og samtökin Svensk Sjöfart. Landsstjórnin er hlynnt nánara samtali á milli norrænu landanna til að komast að sameiginlegri stefnu.

Noregur:

Atvinnumála- og sjávarútvegsráðuneytið á í samtali við norrænu löndin og Eystrasaltsríkin um málið. Við höfum setið tvo fundi um þetta mál, einn í desember 2019 og annan í febrúar 2020. Markmiðið með fundunum var að kynna stöðuna í löndunum ásamt því að styrkja sameiginlegan, vísindalegan grundvöll fyrir ákvörðun um tímabelti. Finnsla samgönguráðuneytið átti frumkvæði að samráðinu. Svíþjóð, Ísland, Litháen, Eistland, Finnland og Noregur hafa tekið þátt í fundunum.

Finnland:

Finnland hefur rætt samræmingu við landsstjórn Álandseyja og við önnur norræn lönd og Eystrasaltsríkin. Eftirfarandi lönd hafa tekið þátt í viðræðunum: Finnland, Eistland, Litháen, Svíþjóð, Noregur og Ísland.

Aðildarríkin

hafa lagt áherslu á þörfina fyrir að komast hjá mikilli skiptingu Evrópu í tímabelti. Með öðrum orðum er samræming mikilvæg. Finnland hefur hafið starf ásamt nágrannalöndum okkar í því augnamiði að ræða möguleikana á samræmdu vali á tíma til frambúðar til að komast hjá „bútasumi“. Viðræðurnar hafa verið mjög gagnlegar og hagnýtar. Við höfum nýtt okkur finnskt matstæki til að skapa sameiginlegar sviðsmyndir.

Danmörk:

Danmörk gat því miður ekki tekið þátt í fundi norrænu landanna og Eystrasaltsríkjanna í desember 2019 um samræmingu tímabelta í sambandi við tillögu framkvæmdastjórnar ESB um að afnema hálfárslegar klukkubreytingar. Danmörk hefur þó í kjölfarið rætt við Finnland og fengið bæði „Comparison of time zone alternatives for the Nordic and Baltic countries“ og niðurstöður fundarins og er því upplýst um þær.

Verði ákveðið að afnema hálfárslegar klukkubreytingar styður Danmörk að val á tímabelti verði samræmt til að komast megi hjá því að ESB verði bútasaumsteppi mismunandi tímabelta – einkum hvað varðar nágrannalönd okkar.



2. Hefur ríkisstjórnin íhugað afleiðingarnar fyrir vinnumarkaðinn á landamærasvæðum og verslun yfir landamæri á Norðurlöndum?

Svíþjóð:

Þegar í byrjun maí 2018 fól ríkisstjórnin stofnuninni Statskontoret að kortleggja þekkt áhrif klukkubreytinga. Mörg þeirra samtaka sem tjáðu sig um skýrsluna lögðu áherslu á að ekki mætti taka upp bútasam úr mismunandi tímabeltum sem hættu væri á að kæmi niður á bæði verslun og hreyfanleika yfir landamæri.

Sænska ríkisstjórnin hefur enn ekki tekið afstöðu til tillögu framkvæmdastjórnar ESB um að afnema árstíðabundnar klukkubreytingar. Tomas Eneroth innviðaráðherra hefur sagt að víðtækur stuðningur þurfi að vera fyrir hendi á þinginu áður en Svíþjóð tekur afstöðu til tillögunnar um að afnema klukkubreytingar og hvaða tími eigi að gilda til frambúðar, sé um það að ræða. Ríkisstjórnin hefur í hyggju að taka þetta mál aftur upp við þingið. Því hefur ríkisstjórnin ekki enn tekið afstöðu til atriða sem huga þarf að ef ráðið og Evrópuþingið ákveða að afnema árstíðabundnar klukkubreytingar.

Álandseyjar:

Landsstjórnin hefur kynnt sér sjónarmið aðila úr atvinnulífinu á Álandseyjum, samtökum fyrirtækjaeigenda á Álandseyjum og samtökum skipaeigenda í Finnlandi sem öll eru á þá leið að sameiginlegt tímabelti á Eystrasaltssvæðinu væri kostur. Landsstjórnin álitur að slík lausn myndi efla samstarfið á svæðinu og mælir því með sameiginlegu tímabelti á Eystrasaltssvæðinu.

Noregur:

Þetta er málefni sem viðeigandi er að biðja um álit á í opnum umræðum um tillöguna um afnám klukkubreytinga og val á tímabelti. Ríkisstjórnin hefur að svo stöddu hvorki tekið ákvörðun um hvort né hvenær opnar umræður um tillöguna skuli fara fram.

Finnland:

Finnland hefur aflað álits almennings og fyrirtækja að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar í gegnum umsagnarferli, skoðanakannanir og vefkönnun. Allar umsagnir studdu við tillöguna um að afnema klukkubreytingar.

Af ástæðum sem tengjast heilsufari og svefntakti naut það stuðnings að skipta alfarið yfir í vetrartíma. Stuðningur við vetrartíma var einkum mikill innan greina þar sem vinna hefst almennt snemma á morgnana. Vetrartími var einnig talinn betri en sumartími með tilliti til verðbréfamarkaðarins.



Í þeim umsögnum sem studdu að skipta alfarið yfir í sumartíma var áhersla lögð á jákvæð áhrif þjartra sumarnáttu á umferðaröryggi og aukin tækifæri til hreyfingar og íþróttaiðkunar utanhúss að vinnudegi loknum.

Í flestum umsögnunum var ekki tekin afstaða til þeirra tímabelta sem lögð voru til. Í sumum umsagnanna var þó tekið fram að mikilvægt sé að Finnland tilheyri sama tímabelti og nágrannalöndin.

Landsstjórn Álandseyja kynnti sína eigin afstöðu til tímabreytinganna. Samkvæmt þeim sjónarmiðum kæmi það sérlega illa niður á Álandseyjum ef tímamismunurinn á milli Finnlands og annarra Norðurlanda ykist, með tilliti til landfræðilegrar legu Álandseyja og náins sambands við Finnland og Svíþjóð og mikilla ferjusiglinga á milli landanna.

Álandseyjar hafa löggjafarheimild um ESB-löggjöfina að því leyti sem málið varðar sjálfstjórn héraðsins. Kveðið er á um skiptingu löggjafarheimildar í sjálfstjórnarlögum Álandseyja (1144/1991). 18. gr. kveður á um löggjafarheimild héraðsins og 27. gr. um löggjafarheimild ríkisins.

Finnland getur ekki ákveðið innanlands að afnema klukkubreytingar heldur þarf ESB að taka þá ákvörðun. Ef tekin verður ákvörðun um það á vettvangi ESB að afnema klukkubreytingar tekur þingið endanlega ákvörðun um það hvaða tími skuli verða til frambúðar í Finnlandi.

Danmörk:

Haustið 2018 leitaði samgöngu- og húsnæðismálaráðuneytið álits almennings, hagsmunasamtaka og atvinnulífsins til að afla sér sem bestar þekkingar á afstöðu til sumartíma og vetrartíma og á áhrifa af tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Einnig var hvatt til almennrar umræðu um málefnið þar sem vilji var til að fá að vita hug þjóðarinnar og hvaða áhrif annars vegar sumartími og hins vegar vetrartími hefur.

Niðurstaða viðræðnanna og almennrar umræðu haustið 2018 er að ekki virðist vera skýr vilji til að breyta núverandi kerfi.

Verði ákveðið að afnema klukkubreytingar kjósa sum samtök, t.d. byggingariðnaðurinn, vetrartíma til frambúðar svo njóta megi góðs af bjartari tíma á morgnanna yfir veturinn. Á hinn bóginn vilja önnur samtök, einkum íþrótt- og ferðaþjónustusamtök, hafa sumartíma til frambúðar vegna þjartra sumarkvölda.

Verði klukkubreytingar afnumdar er þó samstaða um mikilvægi samræmdrar lausnar innan ESB svo ekki verði um bútasam að ræða þar sem það hefði í för með sér erfiðleika fyrir verslun yfir landamæri – einkum verslunarviðskipti Danmerkur við nágrannalönd sín. Það væri því mjög óhentugt fyrir bæði atvinnulífið og stóran hluta almennings ef nágrannalöndin veldu annað tímabelti en Danmörk.



Danmörk hefur enn ekki tekið endanlega afstöðu til tillögu framkvæmdastjórnarinnar og því hefur danska ríkisstjórnin ekki heldur tekið ákvörðun um það á hvaða tímabelti Danmörk ætti að vera verði tillaga framkvæmdastjórnarinnar samþykkt.

3. Hefur ríkisstjórnin skráð sérstök svæði eða atvinnugreinar sem gætu orðið sérstaklega illa úti ef norrænu löndin taka ólíkar stefnur varðandi val á tímabelti?

Svíþjóð:

Sjá svar við spurningu 2.

Álandseyjar:

Það kæmi sérlega illa niður á Álandseyjum í heild ef tímamismunurinn á milli Finnlands og annarra Norðurlanda eykst, með tilliti til landfræðilegrar legu Álandseyja og náins sambands við Finnland og Svíþjóð og mikilla ferjusiglinga á milli landanna.

Noregur:

Ríkisstjórnin hefur tekið mið af niðurstöðum rannsókna sem framkvæmdastjórnin vísar til um að ósamræmdar aðgerðir innan ESB, þ.e. að sum lönd breyti klukkunni en önnur ekki, muni hafa í för með sér aukinn kostnað í verslun á milli landa, óþægindi og hugsanlega röskun á samskiptum og samgöngum auk minni framleiðni á innri markaði fyrir vörur og þjónustu.

Finnland:

Afar mikilvægt er að val aðildarríkjanna á tíma til frambúðar verði samræmt til að komast hjá klofningi á tímabeltum. Leggja verður niður tímabreytinguna alls staðar innan sambandsins til að tryggja að innri markaðurinn, iðnaðurinn og einkum samgöngur virki. Finnland vill takast á við vandann við tímaskiptin, einkum innan samgöngu- og flutningageirans.

Danmörk:

Sjá svar við spurningu 2.

4. Hefur ríkisstjórnin unnið kostnaðar- og ábatagreiningu sem segir til um hver ávinningur landsins yrði af því ef öll norrænu löndin á meginlandinu veldu sama tímabelti?

Svíþjóð:

Sjá svar við spurningu 2.



Álandseyjar:

Landsstjórnin hefur kynnt sér sjónarmið aðila úr atvinnulífinu á Álandseyjum, samtökum fyrirtækjaeigenda á Álandseyjum og samtökum skipaeigenda í Finnlandi, greiningarskýrslunni Comparison of time zone alternatives for the Nordic and Baltic countries eftir Esko Lehtonen og Satu Innamaa, VTT og Kartläggning av tidsomställningens effekter i Sverige, Statskontoret 2018:24. Á þessum grundvelli hefur landsstjórnin komist að þeirri niðurstöðu að besta lausnin væri Permanent CET summer time for all sem er sviðsmynd 4 í skýrslunni Comparison of time zone alternatives for the Nordic and Baltic countries. Í því fælist að Svíþjóð, Noregur og Danmörk héldu sumartíma sínum en Finnland, Eistland, Lettland og Litháen héltu vetrartíma sínum sem varanlegum tíma og þannig lentu öll þessi lönd innan sama tímabeltis.

Noregur:

Nei.

Finnland:

Finnland kannaði mögulega kosti á sameiginlegri stefnu. Rannsóknin var unnin av VTT Technical Research Center Finland Ltd. og gekk út á að kanna hvaða tímabeltum rétt væri að mæla með þannig að flest Norðurlandanna og Eystrasaltsríkjanna gætu uppfyllt markmið sín ef sumartími yrði lagður niður. Finnskt matstæki var notað til að skapa sameiginlegar sviðsmyndir.


Niðurstaða rannsóknarinnar var að valið stæði á milli þess að hafa dagsbirtu að morgni eða kvöldi til. Valið þar á milli er fyrst og fremst pólitísk ákvörðun þar sem rannsóknin leiddi einnig í ljós að fyrir hvorugum kostinum mætti færa sterk vísindaleg rök umfram hinn.

Finnland álitur að afnema beri klukkubreytingar með samræmdum hætti þannig að fallið verði frá klukkubreytingum í öllum aðildarlöndum. Þetta skiptir t.d. máli fyrir fyrirtæki og samgöngur.

Danmörk:

Nei.

Með bestu kveðju,



Benny Engelbrecht